

# Kjör aldraðra

Greinargerð um fjárhagslega stöðu aldraðra

*Unnið fyrir Félag eldri borgara í Reykjavík*

Dr. Haukur Arnþórsson | Reykjavík, 22. nóvember 2017

## Útdráttur

Eftirlaun aldraðra eru á yfirgangstímum; lífeyrissjóðakerfið kemur smám saman inn sem helsta stoð þeirra. Á árinu 2017 greiðir það lífeyrisupphæðir sem eru að meðaltali 25,8% af meðalheildarlaunum á atvinnumarkaði, það hlutfall fer hækkandi og mun komast yfir 56% markið fyrir alla með full réttindi árið 2060 og 76% markið 2088. Í millitíðinni eru framlög hins eftirlaunakerfisins, 1. stoðarinnar eins það er kallað; almannatryggingakerfisins, mjög mikilvæg; þau þurfa að aukast fram á fjórða áratug aldarinnar vegna fjölgunar aldraðra, þrátt fyrir hækkandi hlutfall lífeyristekna og þau fara síðan fallandi út öldina. Almennatryggingar greiða að meðaltali 19,4% af meðallaunum. Samanlagt njóta aldraðir því að meðaltali 45,2% af meðallaunum eða 301.582 kr. á mánuði.

Meðaleftirlaun almannatrygginga eru nú 129.282. Þau hækkuðu um 10.200 frá 2007-2016; á sama tíma jukust meðalskerðingar um 37.730 og skattar um 11.314. Á þessu sama 10 ára tímabili jukust meðalgreiðslur lífeyrissjóðanna um nálægt 36 þúsund kr. og má því segja að skerðingarnar hafi tekið alla hækkun lífeyrissjóðanna. Staðan breyttist um áramótin 2016/2017 þegar almannatryggingar hækkuðu meðalgreiðslur sínar um 29.209 kr. á mánuði samkvæmt áætlunum og áætla má að lífeyrissjóðirnir hækki sínar greiðslur um 15.000 frá fyrra ári. Áætla má að meðalgreiðslur lífeyrissjóðanna verði 172.000 kr. á mánuði 2017. Erfitt er að segja fyrir um hvernig skerðingar breytast á árinu; í því efni var gerð kerfisbreyting (meðal annars var hin illræmda króna-á-móti krónu regla felld niður).

Eftirlaun aldraðra eru mjög mismikil, en athuguð var tekjuskipting þeirra í nokkuð jafn fjölmenna 10 tekjuhópa. Tekjulægsti hópurinn hafði um 109.498 kr. á mánuði 2016 og má ætla að vistmenn á elli- og hjúkrunarheimilum sem höfðu um 64.000 kr. í vasapeninga það ár haldi því meðaltali niðri. Næst lægsti hópurinn, annar hópurinn, hafði um 196.000 kr. á mánuði og svo hækkuðu hóparnir nokkuð jafnt til níunda hóps sem hafði að jafnaði 339.000 kr. Tekjuhæsti hópurinn hafði síðan um 433.000 kr. á mánuði. Um 75% aldraðra hefur á árinu 2017 eftirlaun sem eru um eða undir framfærslumörkum sem hér eru talin vera 335.102 kr. Um 50% þessa stóra hóps lendir í skerðingum, borgar jaðarskatta, sem heldur tekjunum niðri. Heildartekjur aldraðra eru að meðaltali nálægt 450.000 kr. og halda tekjuhærri hóparnir þeim uppi, einkum tekjuhæstu 10%. Um 40% aldraðra hafa engu að síður um eða undir framfærslumörkum sé miðað við heildarlaun.

Eignir aldraðra eru að jafnaði 28.900.000 kr. eða um 58 milljónir hjá hjónum. Eignir eru mismiklar, um 60% aldraðra eiga minna en meðaleign. Eignaminnsti og eignamesti hópurinn skera sig úr; sá eignaminnsti með um 1.000.000 kr. eign og sá eignamesti með rúmlega 107 milljón kr. eign og á hann um 40% allra eigna aldraðra. Annar eignaminnsti hópurinn á að meðaltali um 5.000.000, sá næsti 9.000.000 og síðan eru eignir nokkuð jafnt vaxandi frá 14.000.000 til 47.000.000 kr.

Í alþjóðlegum samanburði eru útgreiðslur úr eftirlaunakerfunum lægra hlutfall af þjóðartekjum en meðaltal OECD-ríkjanna enda þótt nægjanleiki lífeyrissparnaðar og eignir lífeyrissjóðanna séu í góðu lagi í hliðstæðum samanburði. Ísland greiddi árið 2016 5,45% af þjóðartekjum í eftirlaun, en meðaltal OECD ríkja er um 8,2%. Til þess að ná meðaltali OECD ríkjanna, að teknu tilliti til aldurs samsetningar þjóðanna, vantar upp á um 36 milljarða kr. sem þýðir að greiðslur Tryggingastofnunar þyrftu að hækka um nálægt 72.059 á mann að meðaltali.

Ef stjórn málahefur vilji er fyrir því að gera átak í málefnum aldraðra er væntanlega brýnast að útrýma fjöldafátækt og verður það best gert með minni skerðingum eða afnámi þeirra; að eftirlaunakerfin skerði ekki hvort annað eða að öðrum kosti með mikið hækkun frítekjumarkaðs og að greiðslur Tryggingastofnunar fasisst út á verulega lengra tekjubili en nú er (skerðingahlutfall lækki). Skerðingar af atvinnutekjum mætti fella niður, það ætti ekki að hafa kostnað í för með sér þegar þensluástand er. Þá þarf að bæta hag þeirra sem eiga lítinn sem engan lífeyrisrétt og ekki aðra tekjumöguleika og má hugsa sér sértækan skattaafslátt fyrir þann hóp eða aðra sambærilega lausn; það myndi ekki ógna stöðu á vinnumarkaði. Skoða þarf sérstaklega hlutskipti þeirra um 4.000 aldraðra sem ekki hefur gefið sig fram hjá Tryggingastofnun.

Samkvæmt upplýsingum Tryggingastofnunar kostar það ríkið um 35 milljarða kr. ef fella á niður allar skerðingar; áætla má að 28 milljarða þurfi vegna lífeyrisgreiðslna og um 3,5 milljarða vegna launatekna og 3,5 milljarða vegna eignatekna. Afnámskerðinga á launatekjum borgar mjög sennilega með sér og afnámskerðinga annarra skerðinga kemur að umtalsverðu leyti aftur í ríkissjóð í formi tekjuskatts og með veltusköttum og má miða við að nettó-kostnaður við afnámskerðinga sé um 15 milljarðar kr.

## Inngangur

Hugtakið *eftirlaun* (alþjóðlega hugtakið er *pension*) er hér notað yfir þau tvö meginkerfi sem mynda stoðir þeirra. Sumir tala um þrjár stoðir: Tryggingastofnun, lífeyrissjóðina og séreignasparnað einstaklinga hjá lífeyrissjóðunum. Hér er aðeins talað um tvö kerfi eða annars vegar Tryggingastofnun og hins vegar lífeyrissjóðina og greiðslur lífeyrissjóðanna eru í þessari greinargerð lagðar saman bæði vegna lífeyrisréttinda og séreignasparnaðar.

Hafa þarf í huga að lífeyrissjóðirnir eru í uppbyggingu. Fram hefur komið í skýrslu frá Landssambandi lífeyrissjóða að til þess að eignast full réttindi í þeim þarf tvennt: Að greiða í þá iðgjald og gera það í full 40 ár. Greiðslur í lífeyrissjóðina urðu almennar um 1970 og var þá iðgjaldið 1% af launum. Síðan hefur það farið hækkandi. Það varð fljótlega 10% af föstum launum og af öllum launum 1990. Síðan hækkaði það í 12% 2006 sem var leiðrétting. Þeir sem greiða af öllum launum, fyrst 10% og síðan 12% og gera það í full 40 ár munu fá að meðaltali 56% af meðallaunum sínum þegar þeir komast á eftirlaun og þeir fyrstu í þeim hópi gera það um 2030 og allir aldraðir sem verið hafa á vinnumarkaði verða því með slík réttindi nálægt árinu 2060. Nú stendur til að hækka iðgjaldið í 15,5% á árinu 2018 og á það að gefa 76% hlutfall af meðalævilaunum hvers og eins. Þeir fyrstu sem komast á eftirlaun með full slík réttindi gera það árið 2058 og allir aldraðir sem verið hafa á vinnumarkaði verða með þau réttindi nálægt árinu 2088. Því er það svo að hlutfall greiðslna lífeyrissjóðanna mun fara hækkandi alla öldin. Á árinu 2016 greiddu lífeyrissjóðirnir að jafnaði út 25,8% af meðallaunum á vinnumarkaði.

Meðan á uppbyggingu lífeyrissjóðanna stendur gegna almannatryggingar miklu hlutverki fyrir aldraða. Með hækkandi hlutfalli aldraðra af fólksfjölda mun Tryggingastofnun þurfa að auka greiðslur sínar til þeirra fram á fjórða áratug aldarinnar enda þótt hlutfall hennar af greiðslum eftirlauna til hvers og eins muni lækka, en frá um 2035, rúmlega hálfum öðrum áratug frá í dag, munu greiðslur hennar í heild lækka (útgjöld ríkisins minnka) og þau munu smá saman fasast niður í eitthvert tiltölulega lágt framlag sem ræðst af því hvað atvinnuþátttaka almennings er og verður mikil.

Deila má um hvað framlag ríkisins á að tryggja öldruðum hátt hlutfall af launum á atvinnumarkaði. Í því efni er eðlilegt að leita viðmiðana til nálæggra landa og þá einkum hvað varðar hlut aldraðra í þjóðartekjunum, einnig að skoða framfærslukostnað innanlands og miða má við núverandi framtíðarmarkmið lífeyrissjóðanna sem hefur verið 56% af meðallaunum frá 1990 og spurning hvort nota á þá viðmiðun til 2018 eða 2058 þegar 76% viðmiðunin tekur við. Þar sem hluti ríkisstarfsmanna hefur lífeyrisréttindi upp á um 70% af atvinnulaunum eða jafnvel meira, er slíkt heildarmeðaltal ekki of hátt; þeir sem hafa verið á almennum vinnumarkaði verða engu að síður með innan við 56% að meðaltali.

## Aðferð

Hér er unnið með gögn um fjárhagsstöðu aldraðra fyrir árin 2007-2016 eða í 10 ár; frá því fyrir fjármálahrun og til ársins í ár. Gögnin eru frá Ríkisskattstjóra, Hagstofunni, Tryggingastofnun, Reykjavíkurborg, Lífeyrissjóðunum, CIA Factbook, skýrslan Nægjanleiki lífeyrissparnaðar frá 2014 og gögn frá OECD. Þau síðastnefndu eru fyrir árið 2013. Við mat á núverandi stöðu, það er stöðuna á árinu 2017, eftir þær breytingar sem orðið hafa á lögum sem varða fjárhagsmálefni aldraðra og sem flestar tóku gildi 1. janúar 2017, er unnið með texta laganna og miðað við útgjöld samkvæmt fjárlögum ársins. Greiðslur lífeyrissjóðanna á árinu eru áætlaðar út frá hækkunum síðustu ára. Í öllum aðalatriðum er unnið með gögn sem eru í opnum aðgangi á netinu og hver og einn getur kynnt sér og því yfirfarið útreikninga í henni. Þó voru keypt gögn frá Ríkisskattstjóra um skiptingu hvers aldursárs aldraðra í tekjubil og eignabil og eru þær ekki í opnum aðgangi.

Allar tölur eru samræmdar á verðlagi 2017 nema annað sé tekið fram og eru í krónum.

Í tölum er miðað við meðaltal af einstaklingum (þeir er ekki skipt í samskattaða og einhleypinga) og við mánaðarlaun þegar talað er um tekjur. Þannig eru gögn Ríkisskattstjóra um samsköttuð hjón brotin niður á einstaklinga. Þar sem unnið er með meðaltöl hópa kemur þetta eðlilega út; tekjur og eignir hjóna deilast eðlilega niður á bæði, en setja þau ekki í sinn hvorn tekju- eða eignaflokkinn. Þetta varðar líka Tryggingastofnun en hún greiðir einhleypum hærri upphæð en sambúðarfólki eins og hjón eru kölluð þar. Greiðslur Tryggingastofnunar eru nú 280.050 kr. á mánuði til einhleypna, en 228.734 kr. til sambúðarfólks. Þar sem sambúðarfólk er fjölmennari hópur er vegið meðaltal 241.813 kr. og er það sú grunnupphæð sem útreikningar hér miða við.

## 1. Þróun fjárhagsstöðu aldraðra

### 1.a Tekjuþróun

#### Tekjuþróun yfir tímabilið

Tafla 1:


<b>Meðallaun aldraðra 2007-2016 á verðlagi 2017, áætlun fyrir 2017</b>					
	Trygginga- stofnun	Lífeyrissjóðir	Launatekjur	Aðrar tekjur	Heildartekjur
2007	89.727	120.375	43.977	207.514	461.593
2008	82.154	121.515	43.142	183.733	430.544
2009	74.152	124.390	37.462	114.039	350.042
2010	74.818	116.383	35.157	61.370	287.728
2011	83.552	117.463	36.189	55.774	292.977
2012	81.517	123.385	37.098	50.392	292.392
2013	85.387	130.453	39.318	58.766	313.923
2014	92.604	134.751	41.211	62.260	330.826
2015	93.643	143.861	45.416	57.490	340.410
2016	99.927	156.637	50.664	67.927	375.154
2017	129.282	172.300			

Á töflu 1 má sjá þróun meðallauna aldraðra á tímabilinu 2007-2016 og eru þetta rauntölur frá Ríkisskattstjóra. Allar tekjur minnkuðu eftir fjármálahrunið, en hafa síðan verið að aukast, síst þó aðrar tekjur (eignatekjur); greiðslur Tryggingastofnunar voru 99.927 kr. á mánuði í lok tímabilsins, en 89.727 í upphafi þess, lífeyrissjóðirnir greiddu 156.637 2016, en 120.375 árið 2007, launatekjur hækkuðu úr 43.977 í 50.664, en aðrar tekjur (eignatekjur) lækkuðu úr 207.514 í 67.927. Tölurnar fyrir 2017 eru áætlanir og verður fjallað um þær í 5. kafla um breytingarnar sem tóku gildi 1. janúar 2017.

Aðrar tekjur (eignatekjur) sem svo eru nefndar hér eru fjármagnstekjur. Þar veða þyngst hagnaður af sölu hlutabréfa og greiddur arður af hlutabréfum. Aðrar fjármagnstekjur svo sem af innistæðum hafa einnig lækkað.

Á tímabilinu 2007-2016 hækkaði launavísitala um 13,8% (það þýðir að meðallaun í þjóðfélaginu hækkuðu um 13,8%), en greiðslur Tryggingastofnunar um 11,4%, þannig að þær héldu ekki alveg í við launaþróunina. Það gerðu lífeyrissjóðirnir hins vegar; greiðslur þeirra til hvers og eins hækkuðu um 30,1% og hafa þær hækkað um nálægt 10% árlega frá 2013. Launatekjur hækkuðu um 15,2% sem er nálægt launavísitölu, vinnuframlag aldraðra hefur því nánast staðið í stað, en aðrar tekjur (eignatekjur) lækkuðu um 67,3%. Þær lækkuðu um 70,4% frá 2007-2010 og hafa ekki aukist síðan svo nokkru nemi.

## Tekjuþróun eftir aldri



Mynd 1:

lífeyrissjóðunum en eldri. Mikilvægi greiðslna Tryggingastofnunar eykst smám saman með hækkandi aldri og eru greiðslurnar yfir 100.000 kr. frá 73-92 ára aldurs. Aðrar tekjur (eignatekjur) eru mestar hjá yngsta fólkinu, sveiflast nokkuð mikið milli aldursára eða frá 60.000-150.000 kr. hjá þeim sem eru yngri en 75 ára, en fara síðan minnkandi og eru um eða innan við 50.000 fyrir elsta hópinn.

Samsetning tekna aldraðra breytist nokkuð með hækkandi aldri (sjá mynd 1). Á aldrinum 67-70 ára vege launatekjur mest, en þá taka lífeyrissjóðirnir við sem aðaltekjulind og eru það síðan. Launatekjur eru óverulegar eftir 75 ára aldur og vege minnst í tekjuöflun aldraðra frá 73 ára aldri. Lífeyrissjóðirnir greiða um og yfir 150.000 kr. á mánuði frá 68-84 ára aldri, heldur minnkandi með auknum aldri; í þessu kemur fram að nýjar kynslóðir eiga meiri réttindi hjá

## 1.b Þróun eigna- og skuldastöðu

### Þróun yfir 10 ára tímabil

Tafla 2:


Meðaleign aldraðra 2007-2016 á verðlagi 2017			
	Eignir	Skuldir	Hrein eign
2007	30.524.596	2.386.302	28.138.294
2008	30.966.831	2.548.366	28.418.465
2009	29.769.380	2.800.098	26.969.282
2010	25.810.943	2.840.493	22.970.450
2011	26.745.123	2.828.785	23.916.338
2012	27.068.560	2.857.592	24.210.969
2013	27.421.810	2.903.367	24.518.443
2014	28.667.462	2.836.754	25.830.708
2015	30.266.283	2.694.094	27.572.189
2016	31.678.612	2.726.264	28.952.347

Eigna- og skuldastaða aldraðra hefur lítið breyst síðustu 10 ár (sjá töflu 2). Þó minnkuðu eignir eftir hrunið en hafa aukist aftur. Hrein eign er að meðaltali 28.900.000 kr. sem þýðir að hjón eiga tæpar 58 milljónir. Aldraðir skulda nú um 2.700.000 kr. að meðaltali. Eignir

minnkuðu eftir fjármálahrunið, en hafa aukist aftur. Sennilegt er að upphæðir eigna séu ekki langt frá lagi, enda er fasteignamat nálægt söluverðmæti. Reikna má þó með að meðaleignir aldraðra séu heldur meiri en þessar tölur segja til um. Hlutabréf

eru venjulega á nafnvirði hjá Ríkisskattstjóra. En verðmæti þess hluta eigna aldraðra sem er háður markaðsverði getur breyst.

### Eignaþróun eftir aldri



Mynd 2:

eftir aldursárum.

Eignir eru lítillega meiri hjá þeim sem yngri eru, um 35 milljónir kr. hjá þeim sem eru 67-74 ára, en fara heldur minnkandi með aldrinum og eru þá nær 30 milljónum kr. (sjá mynd 2). Þetta skýrist meðal annars með því að yngri hópurinn skuldar meira en sá eldri, allt að 6 milljónum kr., en fólk yfir 90 ára er nánast skuldlaust (um 500 þúsund kr.). Hrein eign er svipuð hjá öllum aldursárum. Eignir eru nokkuð mismiklar

## 2. Fjármál einstakra hópa aldraðra

Ríkisskattstjóri útbjó sérstaklega gögn fyrir þessa rannsókn. Þau voru skipting hvers aldursárs aldraðra í 10 tekjuhópa og 10 eignahópa og eru nokkuð jafnmargir í hverjum hópi og eru gögnin í sitt hvorri skránni. Meðaltöl voru reiknuð fyrir hvern hóp. Með þessu móti má fá grófa mynd af þróun tekna og eigna hjá hópunum og svara spurningum svo sem: Hver er staða mismunandi hópa aldraðra, hvaða hópar hafa bætt stöðu sína á síðustu 10 árum og staða hverra hefur veikst?

Hér eru bæði skoðaðir tekjuhóparnir 10 og eignahóparnir 10, en einnig er flokkunin einfölduð með því að skipta þeim í 4 hópa. Þeir eru eftirtaldir:

1. Lágstétt. Það eru tekjuminnsti og eignaminnsti hópurinn í hvorri skrá, hópar 1, um 10% aldraðra eða um 4.400 manns í hvorum hópi. Þeir skera sig úr, bæði hvað varðar tekjur og eignir.
2. Lægri millistétt eru 2-5 lægstu tekjuhópur slegnir saman í tekjuskránni og 2-5 eignaminnstu eignahóparnir slegnir saman í eignaskránni. Mjög svipað mynstur er í gögnum þessara hópa – og raunar milli þessara hópa og hópa hærri millistéttar. Munurinn er bara að annar hópurinn er tekjuminni og eignaminni en hinn. Í lægri millistétt eru 40% aldraðra.
3. Hærri millistétt eru tekjuhópar 6-9 í tekjuskránni talið frá tekjulægsta hópnum og eignahópar 6-9 í eignaskránni. Mjög svipað mynstur er í gögnum þessara hópa – og raunar milli þessara hópa og hópa lægri




millistéttar. Munurinn er bara að annar hópurinn er tekjumeiri og eignameiri en hinn. Í hærri millistétt eru 40% aldraðra.

- Hástétt. Það eru tekjumeisti og eignameisti hópurinn úr hvorri skrá, hópar 10, um 10% aldraðra eða um 4.400 manns í hvorum hópi. Þeir skera sig úr, bæði hvað varðar tekjur og eignir.

## 2.a Þróun eftirlaunanna

Áður en þróun eftirlauna tekjuhópa er skoðuð er nauðsynlegt að fá heildarmynd af skiptingu tekna aldraðra.




Mynd 3:

Á mynd 3 eru skoðaðar heildartekjur allra 10 tekjuhópanna á árinu 2016. Hér kemur sérstaða hóps 1 og hóps 10 fram. Sá fyrri með 129.545 kr. á mánuði að meðaltali og sá síðarnefndi með 1.091.269 kr. Millistéttirnar (hópur 2-9) eru svo með frá 226.996 kr. til 512.629 kr. á mánuði með nokkuð jafnri hækkun.

Á töflu 3 má sjá þessar sömu tölur í töflu.


Tafla 3:

Tekjur aldraðra árið 2016, skipt í 10 tekjuhópa:					
Hópur	Tryggingastofnun	Lífeyrissjóðir	Launatekjur	Aðrar tekjur	Heildartekjur
1	67.758	41.740	6.701	13.346	129.545
2	124.680	71.747	11.148	19.421	226.996
3	150.732	79.156	18.318	16.314	264.520
4	145.652	96.033	26.008	19.071	286.764
5	135.282	115.570	35.148	23.324	309.323
6	120.321	140.116	46.734	28.726	335.896
7	102.531	172.608	59.656	35.378	370.174
8	77.574	219.924	81.684	41.591	420.772
9	52.350	286.930	113.093	60.256	512.629
10	30.308	402.759	199.432	458.770	1.091.269



Mynd 4:


Tryggingastofnunar jafnt og þétt og fara niður í um 30.000 fyrir hástétt. Launatekjur lágstéttarinnar eru nær engar eða kr. 6.701 að meðaltali, vega ekki þungt hjá lægri millistétt, fara frá um 11.000 til 35.000 kr., koma inn með vaxandi þunga hjá efri millistétt, fara frá 46.000 til 113.000 kr. og eru mestar hjá hástéttinni eða nálægt 200.000 kr. á mánuði. Eignatekjur eru tiltölulega litlar fyrir lágstétt og lægri millistétt, frá um 13.000 til 23.000 kr., smá aukast fyrir efri millistétt eða frá um 28.000 til 60.000 kr., en falla aðallega hástéttinni í skaut, hún hefur að jafnaði 458.770 kr. á mánuði í eignatekjur.



Mynd 5:


Lítum þá á uppruna tekna tekjuhópanna á árinu 2016 (sjá mynd 4). Þá kemur í ljós eins og við mátti búast að greiðslur Tryggingastofnunar (bláar súlur) eru meirihluti tekna lágstéttar (1. hópsins) og lægri millistéttar (2-5 hópsins), en greiðslur lífeyrissjóðanna (rauðar súlur) eru meirihluti tekna efri millistéttar (6-9 hópur), en eignatekjur (fjólubláar súlur) eru mesta tekjulind hástéttar, lífeyris-tekjur eru henni líka mjög mikilvægar. Fyrir tekjuhærri hópana minnka greiðslur

Þróun upphæða greiðslna Tryggingastofnunar til ólíkra tekjuhópa aldraðra (sjá mynd 5) er nálægt meðaltalshækkunum sem kynntar voru í 1. kafla. Lægri millistétt fær mestar greiðslur og efri millistétt næst mestar, þó verulega minni; um 40.000 kr. minni á mánuði. Lágstéttin fær sýnu minna eða 67.758 kr. og hástéttin áberandi minnst, 30.308 kr.




Mynd 6:

kr. á mánuði 2016. Lægri millistétt fær að jafnaði um 82.000 kr. á mánuði og lágstéttin um 42.000 kr.



Mynd 7:


Próun launatekna eftir hópum er ekki jöfn (sjá mynd 7). Hástéttin hefur notið mestra launahækkana og heldur uppi meðaltalslaunahækkuninni sem kynnt var í 1. kafla. Launatekjur millistéttanna hafa nánast staðið í stað (sjá hér á undan um uppruna tekna tekjuhópanna) og launatekjur hafa heldur lækkað hjá lágstéttinni, eru nú 6.701 kr.



Mynd 8:

millistéttin eigi sínar eignir aðallega í fasteignum.

Próun annarra tekna (eignatekna) er verulega ójöfn (sjá mynd 8). Það sem vekur aftur athygli er að hástéttin er nánast ein um að njóta þessara tekna. Hjá henni lækkuðu þær gríðarlega í fjármálahruninu, um 85,2% frá 2007 til 2012 og eru þær enn 73,3% lægri en 2007. Efri millistétt hafði smávægilegar eignatekjur fyrir fjármálahrun, en hefur nú engar. Lægri millistétt og lágstétt njóta ekki eignatekna. Því má álykta að




Mynd 9:

millistétt, þær eru um 260.000 kr. og um nífaldir tekjur lágstéttarinnar sem eru um 129.000 kr.

Þróun heildartekna aldraðra eftir tekjuhópum má sjá á mynd 9. Áberandi er annars vegar að hástéttin hefur misst um helming tekna sinna á tímabilinu, fer frá um 2.200.000 kr. á mánuði til um 1.100.000 (vegna lækkunar eignatekna) og hins vegar að enn hefur hún engu að síður mikið hærri tekjur en aðrir hópar: um þrefalt hærri tekjur en efri millistétt sem hefur um 375.000 kr. að meðaltali, um fjórfalt hærri tekjur en lægri

## 2.b Þróun eignastöðu



Mynd 10:


sem er 31.678.612 kr., en þeir eiga frá 7.200.000 kr. til 23.100.000. Efri millistétt eða eignahópar 6-9 eiga síðan frá 27.800.000 kr. til 50.700.000. Það er ljóst að mikill meirihluti aldraðra á um eða innan við meðaltalseign aldraðra eða nálægt 60% þeirra. Miklar eignir eignamesta hópsins draga meðaltalið því verulega upp. Miðgildið virðist vera nálægt 25.000.000 kr. þó það verði ekki staðfest með nákvæmni.

Þessar sömu tölur um eignir eignahópanna má sjá á töflu 4 hér á eftir:

Á mynd 10 má sjá meðaltalseign hvers og eins af eignahópunum 10. Hér kemur sérstaða hóps 1, sem er lágstéttin, vel fram, einnig sérstaða hástéttarinnar, hóps 10. Sá fyrrnefndi á lítið eða um 1.800.000 kr. að meðaltali, en sá síðari á um 111.000.000 kr., meira en tvöfalt það sem næsti hópur fyrir neðan á, eignahópur 9. Eignahópar 2-5, sem hér eru kallaðir lægri millistétt eiga mikið minna en meðaleign aldraðra,

Taflla 4:

<b>Eignir og skuldir aldraðra árið 2016, skipt í 10 eignahópa:</b>			
Hópur	Eignir	Skuldir	Hrein eign
1	1.812.388	803.925	1.008.463
2	7.295.901	2.280.318	5.015.583
3	12.312.110	2.639.408	9.672.701
4	18.060.908	3.529.567	14.531.341
5	23.136.518	4.005.665	19.130.853
6	27.823.381	3.757.130	24.066.251
7	32.934.944	3.830.742	29.104.202
8	39.499.290	3.392.786	36.106.505
9	50.751.713	3.066.739	47.684.974
10	111.797.616	4.082.961	107.714.655



Mynd 11:

Skuldir eignahópanna 10 eru að meðaltali frá 800.000 kr. til um 4.000.000. Þær eru mjög mishátt hlutfall af eignum eins og fram kemur á mynd 11. Hlutfallið er frá 44,4% til 3,7%.

## 2.c Einkenni fjármálalegrar stöðu einstakra hópa aldraðra

Það vekur einkum athygli hvað lágstétt og hástétt hafa hvor um sig mikla sérstöðu gagnvart einsleitni millistéttanna.

Lágstéttin telur um 4.400 manns hvor hópur (annars vegar tekjuhópur og hins vegar eignahópur). Hún fær tiltölulega litlar greiðslur frá Tryggingastofnun (um 60.000 kr. á mánuði) og á tiltölulega lítinn rétt hjá lífeyrissjóðum (að jafnaði um 40.000 kr. á mánuði), hefur litlar launatekjur og engar eignatekjur. Heildartekjur eru um 129.000 kr. eins og fyrr segir. Lágstéttin á að jafnaði um 1.000.000 kr. í hreina eign, skuldar um 800.000 kr. og á því um 1.800.000 kr. eign eins og fyrr sagði. Þetta er þó nokkuð breytilegt og aldraðir á ákveðnum aldursárum skulda meira en þeir eiga.

Hástéttin telur einnig um 4.400 manns. Tekjuflokkaði hópurinn fær litlar greiðslur frá Tryggingastofnun (um 30.000 kr.), miklar lífeyrissjóðstekjur (um 400.000 kr.), tiltölulega miklar launatekjur (um 200.000 kr.) og langmestar eignatekjur allra (um

460.000 kr.). Heildartekjur eru að meðaltali um 1.100.000 kr. Eignaflokkaði hópurinn á að jafnaði 108.000.000 kr. í hreina eign og skuldar um 4.000.000 og á því um 112.000.000 kr. eign.

Nokkuð misræmi er milli eigna og tekna eftir því hvort skrárnar eru flokkaðar á tekjubíl eða eignabil. Þannig á lágstéttin í tekjuskránni um 11.000.000 í hreina eign en lágstéttin í eignaskránni á um 1.000.000. Sömuleiðis hefur lágstéttin í eignaskránni um 227.000 kr. í tekjur meðan lágstéttin í tekjuskránni hefur um 129.000 kr. Þetta misræmi þýðir að tekjuhóparnir innihalda ekki alveg sama fólkið og hóparnir skarast. Því er ekki hægt að útiloka að eignafólk sé mjög tekjulítið og því í lágsta tekjuhópnum eða að tekjuháir eigi litlar eignir. Þessi skörun er varla svo mikil að ástæða sé til þess að skoða málið nánar, en þá helst hvort eignafólk telji ekki fram tekjur til þess að fá greiðslur frá Tryggingastofnun.

Um millistéttirnar er lítið að segja annað en það að tekjur þeirra eru lágar. Lægri millistétt er að meðaltali með 75.000 kr. lægri heildartekjur en sem nemur framfærsluviðmiði og efri millistétt með um 35.000 kr. hærri tekjur en það.

Skipting aldraðra í jafnstóra tekjuhópa sýnir að um 75% aldraðra er með tekjur nálægt framfærsluviðmiði eða minni tekjur. Þá erum við ekki farin að tala um skatta.


### 3. Hlutdeild eftirlauna í þjóðarauðnum

Að meðaltali var hlutfall eftirlauna (e. *pension*) af þjóðartekjum 8,2% hjá OECD ríkjunum á árinu 2013. Hlutfallið hér á landi var 5,17% sem var með því lágsta sem gerist meðal OECD ríkjanna; Tryggingastofnun með 1,90% og lífeyrissjóðirnir með 3,27%. Á töflu 5 má sjá yfirlit yfir þróun yfir 10 ár.

Tafla 5:

Hlutfall eftirlauna af þjóðarframleiðslu						
Ár	Þjóðarframleiðsla (VLF)	Tryggingastofnun	Lífeyrissjóðir	Tryggingast. % af VLF	Lífeyrissj. % af VLF	Samtals eftirlaun % af VLF
2007	1.365.649.000.000	23.562.863.899	34.181.329.460	1,73%	2,50%	4,23%
2008	1.553.020.000.000	24.731.657.350	38.999.928.866	1,59%	2,51%	4,10%
2009	1.600.390.000.000	25.576.600.163	46.694.564.028	1,60%	2,92%	4,52%
2010	1.627.108.000.000	27.077.336.335	46.649.895.359	1,66%	2,87%	4,53%
2011	1.708.315.000.000	31.751.125.843	49.850.098.799	1,86%	2,92%	4,78%
2012	1.787.684.000.000	33.049.534.334	56.515.727.264	1,85%	3,16%	5,01%
2013	1.899.680.000.000	36.111.321.011	62.142.897.665	1,90%	3,27%	5,17%
2014	2.019.038.000.000	41.776.932.653	68.166.669.725	2,07%	3,38%	5,45%
2015	2.232.362.000.000	43.912.766.823	75.093.979.295	1,97%	3,36%	5,33%
2016	2.448.809.000.000	48.593.900.037	84.917.942.943	1,98%	3,47%	5,45%

Til að gæta sanngirni voru öll hlutföllin umreiknuð með tilliti til aldurssamsetningar þjóðanna, sjá mynd 12 (framlag Tryggingastofnunar er sett á 1) og er Ísland þá með 72% af meðaltali OECD ríkjanna (í stað 63% annars) sem þýðir að margfalda þarf eftirlaun Íslands með 1,381 til þess að fá út meðaltal OECD ríkja. Það þýðir að á árinu 2013 vantaði Ísland 37,4 milljarða upp á að ná meðaltali OECD ríkjanna. Mér sýnist sú upphæð núna vera 36 milljarða. Svo skemmtilega vill til að það er næstum því sama upphæð og Tryggingastofnun segir að kosti að afnema allar skerðingar, en hún nefnir 35 milljarða.



Mynd 12:


Tekið skal fram að samanburðartölurnar eru frá 2013. Áætlað er að Ísland verði með þriðju mestu þjóðartekjum á mann meðal OECD ríkja á árinu 2017.

Hlutdeild aldraðra í þjóðartekjum er því umtalsvert lægri en hjá öðrum þróuðum ríkjum sem við berum okkur saman við. Hafa ber í huga að hér er rætt um útborguð eftirlaun frá Tryggingastofnun og lífeyrissjóðunum. Samkvæmt öðrum tölum OECD má sjá að nægjanleiki lífeyrissparnaðar (iðgjald af launum) er með því sem best gerist og mun koma komandi kynslóðum að gagni og eignir lífeyrissjóðanna sem hlutfall af þjóðartekjum eru það líka. Um þetta tvennt verður stjórnáráðgjafi títur.

Hins vegar kemur það sjaldan fram að útgreiðslur lífeyrissjóðanna eru enn nokkuð frá markmiðum sjóðanna eða 25,8% af meðallaunum. Greiðslur Tryggingastofnunar eru nú að meðaltali 19,4% af meðallaunum á vinnumarkaði þannig að eftirlaun eru 45,2% af meðallaunum. Greiðslur Tryggingastofnunar þyrftu að hækka nálægt 72.059 á mann á mánuði til þess að ná meðaltali OECD-ríkjana.



## 4. Tölulegar viðmiðanir



Mynd 13:

Á mynd 13 eru bornar saman meðaltalstölur um kjör aldraðra og til samanburðar meðaleftirlaun í OECD ríkjum og meðallaun Íslendinga.

Stefnt hefur verið að því að eftirlaunakerfin hér á landi greiði upphæð sem sé um 56% af meðaltekjum viðkomandi meðan hann starfaði. Nú eru meðaltekjur Íslendinga 667.000 kr. og 56% af þeirri upphæð 373.520 kr. sem er nálægt meðaleftirlaunum OECD ríkja.

Súlurnar lengst til vinstri sýna meðaltöl greiðslna Tryggingastofnunar, greiðslna lífeyrissjóða og þær upphæðir samanlagðar. Rauða línan sýnir neysluviðmið. Súlan hægra megin við grænu súluna sýnir meðaltekjur á atvinnumarkaði 2017.

Þar sem meðaltöl í svona gagnasafni eru töluvert hærri en miðgildi má fullyrða að mikill meirihluti aldraðra fær eftirlaunagreiðslur sem eru fyrir neðan neysluviðmið og í ljósi gagna um tekjuhópa er ljóst að um 75% aldraðra eru með eftirlaun undir neysluviðmiði.

Hér er miðað við neysluviðmið velferðarráðuneytisins sem eru 223.046 kr. án húsnæðiskostnaðar. Umboðsmaður skuldara notar í grunninn sama viðmið. Húsnæðiskostnaður er síðan talinn 16,8% af meðaltekjum á Íslandi eða 112.056 kr., en það er hlutfall sem Íbúðalánasjóður styðst við. Fyrir marga og kannski ekki síst

Þá sem standa verst er sú tala of lág, en hér er um meðaltalstölu að ræða. Samanlagt neysluiðmið er því 335.102 kr.

Græna súlan sýnir hvað eftirlaun þyrftu að vera hér á landi ef þau ættu að ná sama hlutfalli af þjóðartekjum og í öðrum OECD ríkjum, að teknu tilliti til aldursdreifingar; hlutfalls aldraðra miðað við þá sem eru á atvinnumarkaði.

## 5. Breytingar sem tóku gildi 1. janúar 2017

Nokkrar meginbreytingar urðu á almannatryggingum 1. janúar 2017.

1. *Frítekjumörkum var breytt* þannig að þau urðu 25.000 kr. af öllum tekjum óháð uppruna og skerðingahlutfall allra tekna varð 45%. Áður hafði verið 27.400 kr. frítekjumark á lífeyristekjum, 109.600 kr. á launatekjum og 98.640 kr. á eignatekjum. Almenn skerðingahlutfall á tekjutryggingu var 38,35% en króna-á-móti krónu var í öðrum tekjutegundum Tryggingastofnunar, nema hvað lífeyristekjur skertu ekki grunnlífeyri og þannig gekk grunnlífeyririnn upp allan tekjustigann fyrir breytinguna, hann var 39.862 kr. á mánuði, en féll nú niður.

Hinar illræmdu króna-á-móti krónu skerðingar féllu niður og skerðingar minnkuðu því verulega frá því sem var þegar á heildina er litið. Tekjur hækkuðu og heildargreiðslur vegna þessarar breytingar einnar telur Tryggingastofnun að nemi allt að 11 milljörðum kr.


Þegar talað er um skerðingahlutfall þýðir það hvað greiðslur fasast út á löngu tekjubili. 45% þýðir styttra tekjubil en 38,35%. Ef tekjutenging er 45% og greiðslur Tryggingastofnunar 228.000 þá falla greiðslur alveg niður við 531.000 kr. markið en við 622.000 kr. ef tekjutenging er 38,35%. Með því að taka upp jafn hátt skerðingahlutfall og 45% og leggja af grunnlífeyri eru greiðslur Tryggingastofnunar jafnaðar niður á við.

Þessi breyting ein og sér hefur engin áhrif á þá sem ekki njóta greiðslna frá lífeyrissjóðum, hafa ekki launatekjur og engar eignatekjur. Breytingin er hins vegar mikil til hækkunar fyrir lægri millistétt og upp í efri millistétt.

En breytingin er til lækkunar fyrir þá sem njóta hærri greiðslna frá lífeyrissjóðum, bæði vegna aukinna skerðinga og vegna niðurfellingar á grunnlífeyri. Hún er það líka fyrir yngsta hópinn sem hefur mestar launatekjur, bæði vegna aukinna skerðinga og lækkaðs frítekjumarks og lækkar ráðstöfunartekjur þeirra sem hafa 109.600 kr. eða meira á mánuði um 38.000 kr. eða meira. Eignamesti hópurinn lækkar líka af sömu ástæðum og hefur eftir breytinguna 33.000 kr. eða hærri upphæð minna á mánuði en áður, hafi hann haft 98.640 kr. á mánuði í eignatekjur eða meira.

Heildaráhrif þessara breytinga einna og sér eru að skattakúrfan með jaðarsköttum breytist verulega. Í aðalatriðum lækkar hún umtalsvert, en hún nær líka hámarki á öðrum stað en áður, við hærri tekjur fyrir suma og lægri tekjur fyrir aðra. Greiðslur fyrir þá sem hafa aðrar tekjur en frá Tryggingastofnun falla niður ef þær eru yfir 531.406 kr. á mánuði.

Á mynd 14 má sjá viðbótargreiðslurnar frá Tryggingastofnun frá 1. janúar 2017 koma ofan á heildartekjur tekjuhópanna 10 eins og þær voru á árinu 2016. Rauða línan sýnir nýjar tekjur frá Tryggingastofnun en bláu súlurnar heildartekjurnar fyrir 2016. Tekjulægsti hópurinn fær lítið (dagpeningagreiðslur til þeirra sem búa á elli- og hjúkrunarheimilum hækkuðu um nálægt 4.000 eða í um 68.000 kr.), en lægri millistéttin fær mesta hækkunina (þar er bilið milli súlunnar og rauðu línunnar stærst). Tveir tekjuhæstu hóparnir lækka síðan í tekjum.



Mynd 14:

2. *Grunnlífeyrir, tekjutrygging og lágmarksframsfærslutrygging voru sameinuð í eina greiðslu sem heitir ellilífeyrir.*
3. *Heimilisuppbót fyrir þá sem búa einir hækkaði og verður mest 52.117 kr. og fasast út á löngu tekjubili, tekjuskerðing er 11,9%; heimilisuppbótin fellur því alveg niður við nálægt 450.000 kr. tekjur.*
4. *Ellilífeyrir verður 228.734 kr. á mánuði. Sambúðarfólk nýtur ekki annarra greiðslna en ellilífeyris, en þeir sem búa einir fá auk þess heimilisuppbótina eins og áður sagði. Samanlagt fá þeir rúmlega 280.000 kr. á mánuði, sem er*

sú upphæð sem talað er um í opinberri umræðu. Engu að síður er það svo að meirihluti skjólstæðinga Tryggingastofnunar er sambúðarfólk sem nýtur þá aðeins þessarar 228.734 kr. greiðslu. Meðalgreiðslur að teknu tilliti til hlutfalls sambúðarfólks gagnvart einhleypum eru hér taldar 241.813 kr.

Meðalgreiðslur Tryggingastofnunar til hvers og eins hækkuðu um 29.355 kr. 1. janúar 2017 og hafa greiðslur Tryggingastofnunar þá hækkað um 44,1% frá 2007 sem er svipað og áætla má að greiðslur lífeyrissjóðanna hækki. Fullar greiðslur til þeirra sem ekki hafa neinar aðrar tekjur en frá Tryggingastofnun hækka um 20.505 kr. að meðaltali, mest hjá einhleypum. Kerfisbreytingarnar 1. janúar 2017 fækkuðu í þeim hópi aldraðra sem hefur eftirlaun undir framfærslumörkum frá 85% í 75%. Telur Tryggingastofnun að nálægt 86% aldraðra fái auknar greiðslur með nýja kerfinu, en um 14% fái minni. Þannig féllu nokkur þúsund manns út af launaskrárnar Tryggingastofnunar vegna breytinganna.

Heildaráhrif þessara breytinga eru að auka verulega við greiðslur og draga úr mismun á heildartekjum aldraðra. Eftirlaunum er samt enn jafnað niður á við sem er megineinkenni kerfisins og skerðingahlutfallið er hátt. Þetta þýðir að miðgildi eftirlauna hækkaði verulega.

## 6. Mat á valkostum

Margar leiðir eru mögulegar til þess að bæta hag aldraðra og hafa þær ólík áhrif. Oft er talað um hærri persónuafslátt, hærri frítækjumark eða minni skerðingar, að skerðingar taki mið af uppruna tekna, engar skerðingar, að skerðingahlutfall lækki, lægra skattþrep fyrir lág laun og hærri skattþrep fyrir miklar tekjur.

Við nánari athugun er tiltölulega erfitt að finna lausnir sem eru sanngjarnar fyrir alla hópa; skerðingar (jaðarskattar) fylgja óhjákvæmilega sértækum aðgerðum fyrir verst settu hópana, en þær virðast engu að síður óhjákvæmilegar og almennar hækkanir koma þeim tekjuhæstu til góða, en margir stjórnáamenn telja að eftirlaun frá ríkinu eigi ekki að renna til þeirra.

### 6.a Markmið

Mikilvægt er að setja sér fyrst yfirstæð markmið til að greina hvaða leiðir ná þeim best. Þau gætu verið:

- a) að jafna hlut aldraðra miðað við meðaltal OECD ríkja,
- b) að allir aldraðir hafi meira til framfærslu en sem nemur framfærsluviðmiði,
- c) að eftirlaunakerfin skerði ekki hvort annað,

- d) að aldraðir greiði almenna skattaprósentu af öllum tekjum; jaðarskattar falli niður,
- e) að laga skattakúrfu aldraðra - að skattahlutfallið hækki jafnan með auknum tekjum, en sé ekki fallandi,
- f) að bæta þeim sem eru algerlega eða að mestu háðir tekjum frá Tryggingastofnun sinn hlut án þess þó að vekja kröfu um hækkun lágmarkslauna á almennum vinnumarkaði.

## 6.b Tvær meginleiðir

Til þess að ná þessum markmiðum má í aðalatriðum fara 2 leiðir. Þær má líka fara báðar og það getur hentað vel:

- a) Hækka framlög til Tryggingastofnunar eða
- b) lækka skatta og álögur.

## 6.c Útfærslur

*Hærri persónuafsláttur* nýtist öllum. Hann hækkar ráðstöfunartekjur um fasta krónutölu upp úr og niður úr og hefur því hlutfallslega mest áhrif til hækkunar hjá þeim tekjulægstu. Hann hefur í sjálfu sér jöfnunaráhrif milli tekjulággra og tekjuhárra. Hann hækkar meðaltekjur um hækkun persónuafsláttarins. Hann breytir hins vegar engu öðru í kerfinu, skattar yrðu jafn háir og áður og jaðarskattar lækkuðu lítið, skerðingahlutfallið yrði það sama og skattahlutfallið væri í aðalatriðum áfram lækkandi með hækkandi tekjum. Hækkun persónuafsláttar er ekki sérstök krafa aldraðra einna, heldur margra hópa í samfélaginu.

Önnur leið til þess að bæta hag þeirra lægst launuðu er að *gefa tekjulágum öldruðum skattaafslátt*, til dæmis 15%, upp að allt að 350.000 kr. marki – en ekki öðrum. Því væri ekki um það að ræða að mynda nýtt skattþrep og hækkunin væri ekki fyrir aðra hópa. Þessi leið myndi hækka ráðstöfunartekjur einstaklings á meðalgreiðslum frá Tryggingastofnun um rúmlega 32.000 kr. og hún myndi ekki bera með sér kröfu um hækkun lágmarkslauna á almennum vinnumarkaði, enda væri ekki um hækkun á greiðslu að ræða. Þessi leið gæti verið heppileg samhliða lækkuðu skerðingahlutfalli eða hærri frítekjumarki og haft hnitmiðaðri áhrif á þennan tiltekna hóp en hækkaður persónuafsláttur.

*Hærri frítekjumark* hefur engin áhrif á þann hóp sem hefur meðaltalstekjur undir 241.813 + 25.000 kr. sem er núverandi frítekjumark. Hins vegar njóta þeir hækkunar sem hafa aðrar tekjur en frá Tryggingastofnun frá 25.000 kr. Við þetta

hliðrast skattakúrfan. Skattar þeirra sem eru með hærri tekjur en sem nemur toppi breyttrar skattakúrfu breytast ekki. Toppur skattakúrfunnar er í dag um 66% fyrir um 531.000 kr. laun.

*Fasa skerðingar út á lengra tekjubili en nú er gert; að lækka skerðingahlutfallið. Það þýðir að tekjuskerðing verði verulega lægri en þau 45% sem hún er í dag. 25% virðist eðlilegra. Það eitt og út af fyrir sig lækkar topp skattakúrfunar og hefur þau áhrif að skattar fara hækkandi með hækkuðum tekjum fyrir nánast alla aldraða. Lægri tekjuskerðing gefur öllum hópum millistéttarinnar auknar ráðstöfunartekjur.*

Það gæti mætt æskilegum markmiðum að skerðingar, frítekjumörk eða frítekjumark, *taki mið af upprunna tekna*. Þá er átt við að gera greinarmun á lífeyrissjóðstekjum; að annað eftirlaunakerfið skerði ekki hitt, launatekjum og eignatekjum. Til dæmis má hugsa sér að greiðslur Tryggingastofnunar skerði ekki lífeyrissjóðstekjur, þar sé ekkert frítekjumark yfirleitt. Skerðingar á launatekjum ætti einnig að fella niður, að minnsta kosti á þenslutímum þegar æskilegt er að aldraðir séu virkir í samfélaginu. Annað getur gilt um eignatekjur; tekjur af eignum eru lítið skattaðar miðað við laun þannig að skerðingar þeirra má réttlæta. Þó eru tekjur af eignum af ólíkum uppruna; skattahlutfall af fjármagnstekjum er hátt þar sem þær falla ekki aðeins á vexti, heldur einnig á verðlagsbætur. Annað gildir um arð eða hagnað af hlutabréfum. Skattar og skerðingar af leigutekjum mætti fella niður ef þörf er á að nýta húsnæði í landinu betur. Ef breytt kerfi tæki mið af uppruna tekna gætu skerðingar orðið breytilegar eftir einstaklingum því uppruni tekna þeirra er misjafn. Hins vegar virðist ljóst að hækkun frítekjumarks eða lægra skerðingahlutfall af lífeyrissjóðsgreiðslum nýtist millistéttunum best.

Að lokum þetta:

*Lækkun fasteignagjalda* er mjög mikilvæg fyrir þá eigendur fasteigna sem eru tekjulitlir og eiga erfitt með að reka eignir sínar. Álykta má að eignir flestra aldraðra liggja í fasteignum. Sum sveitarfélög hafa brugðist við þessu með lækkun gjalda og jafnvel 100% niðurfellingu. Í Reykjavík hefst lækkun við 348.000 kr. tekjumörk fyrir einstaklinga (483.000 fyrir hjón) og er 50%, síðan er afsláttur 80% við 298.000 kr. tekjumörk fyrir einstaklinga (404.000 fyrir hjón) og fer hann niður í 100% við 261.000 kr. fyrir einstaklinga (363.000 fyrir hjón). Svipaða sögu er að segja frá flestum öðrum stærri sveitarfélögum, samkvæmt upplýsingum frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Sjá þarf til þess að viðmiðunarupphæðir séu uppfærðar og að öll sveitarfélög veiti sambærilegan afslátt.

## 7. Um kostnað af afnámi skerðinga

Í kosningabaráttunni haustið 2017 kom fram ákveðinn vilji til þess að draga úr eða afnema skerðingar Tryggingastofnunar. Sérstaklega var talað um afnám skerðinga á launatekjur, en margir aldraðir vilja vinna, en fá tiltölulega lítinn hluta launa sinna ef þeir eru á ákveðnu tekjubili. Á töflu 6 má sjá á Út-hlið að afnám skerðinga af launatekjum gætu kostað ríkissjóð um 3,5 milljarða kr. Á Inn-hlið sjást síðan áætlaðar tekjur sem ríkissjóður hefur af afnámi skerðinganna. Í ljós kemur að hann gæti hagnast á afnámi skerðinganna.

Tafla 6:

Afnám skerðinga á launatekjur		
	Inn:	Út:
Auknar greiðslur Tryggingastofnunar vegna niðurfellingu skerðinga		3.500.000.000
Afdreginn tekjuskattur (37%)	1.295.000.000	
Veltugjöld, vsk. og vörugjöld	441.000.000	
Tekjuskattur af auknum vinnutekjum (aukning um 10.000/mán. að meðaltali)	1.776.000.000	
Veltugjöld, vsk. og vörugjöld af auknum vinnutekjum	604.800.000	
Samfélagsleg áhrif	120.000.000	
<b>Samtals</b>	<b>4.236.800.000</b>	<b>3.500.000.000</b>
Mismunur - tekjur ríkissjóðs		736.800.000

Eins og þessi greinargerð ber með sér er mikilvægast að eftirlaunakerfin tvö skerði ekki greiðslur hvors annars. Samanlagt geta þau veitt viðunandi framfærslu aldraðra og komið meðalgreiðslum þeirra samanlagt upp að meðaltali OECD-ríkja miðað við hlutdeild af þjódartekjum. Til þess að svo megi verða þarf verulegt átak eins og tafla 7 hér á eftir sýnir. Samkvæmt upplýsingum Tryggingastofnunar kostar afnám allra skerðinga um 35 milljarða kr. og er hér miðað við þá upphæð og því afnám allra skerðinga. Afnám allra skerðinga gæti kostað ríkissjóð nettó um 15 milljarða kr.

Tafla 7:

Afnám allra skerðinga		
	Inn:	Út:
Auknar greiðslur Tryggingastofnunar vegna niðurfellingu skerðinga		35.000.000.000
Afdreginn tekjuskattur (37%)	12.950.000.000	
Veltugjöld, vsk. og vörugjöld	4.410.000.000	
Tekjuskattur af auknum vinnutekjum (aukning um 10.000/mán. að meðaltali)	1.776.000.000	
Veltugjöld, vsk. og vörugjöld af auknum vinnutekjum	604.800.000	
Samfélagsleg áhrif	120.000.000	
<b>Samtals</b>	<b>19.860.800.000</b>	<b>35.000.000.000</b>
Mismunur raunveruleg útgjöld ríkisins	15.139.200.000	